

114. fundur í skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum

20. júní 2013 kl 17:00

Mætt: Skúli Björn Gunnarsson, Steinunn Ásmundsdóttir, Gauti Jóhannesson, Lára Vilbergsdóttir og Ragnhildur Rós Indriðadóttir. Helgi Ómar Bragason skólameistari. Áheyrnarfulltrúar: Þorbjörn Rúnarsson áfangastjóri og ritari, Jóney Jónsdóttir fulltrúi kennara, Árni Ólason „starfsmaður í þjálfun“, Anna Alexandersdóttir fulltrúi foreldra og Guðrún Hlíðkvist Guðmundsdóttir Kröyer, fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar 113. fundar
2. Sjóðir í vörslu ME – skipulagsskrár og nýjustu ársreikningar
3. Starfsmannamál – staða ráðningarmála
4. Stofnun framhaldsdeildar á Vopnafirði
5. Innritunarmál
6. Gjaldskrármál
7. Skólasamningur ME 2013-2015 – stutt kynning
8. Niðurstöður innra mats á skólastarfi 2013-2014 – stutt kynning
9. Önnur mál

Skúli Björn setti fund og gengið var til dagskrár.

1. **Staðfesting fundargerðar 113. fundar.** Fundargerðin lögð fram. Athugasemdir voru sendar í tölvupósti og fundargerð var lagfærð. Fundargerðin var staðfest með undirritun fulltrúa skólanefndar.

2. **Sjóðir í vörslu ME – skipulagsskrár og nýjustu ársreikningar.** Helgi Ómar lagði fram skipulagsskrár og nýjustu ársreikninga fyrir sjóðina tvo sem skólinn hefur í vörslu sinni. Formaður og skólameistari höfðu skoðað skipulagsskrárnar.

a) Skólasjóður skólans varð til 1996. Staða sjóðsins er 18.781.114 kr í lok árs 2012. Markmið sjóðsins er að styrkja erlend samskipti, efla félagslíf nemenda, verðlauna framúrskarandi nemendur og styrkja efnilega nemendur sem búa við erfiðar félags- og fjárhagslegar aðstæður. Mjög sjaldan hefur verið úthlutað úr sjóðnum. Tveir styrkir hafa verið veittir síðustu ár. Samkvæmt reglum sjóðsins má úthluta 2/3 af vaxtatekjum hans. Í stjórninni sitja skólameistari, formaður kennarafélags og formaður nemendafélags.

b) Menningarsjóður prófastshjónanna á Hofi er mun eldri. Hann er arfleifð úr Alþýðuskólanum á Eiðum en var færður undir ME þegar skólarnir voru sameinaðir 1995. Hlutverk þess sjóðs er að styrkja bókasafn Eiðaskóla og styrkja og stuðla að söfnun og útgáfu á hvers konar austfirskum ætta- og safnafróðleik. Staða sjóðsins var 4.557.727 kr í lok árs 2012. Ein úthlutun hefur verið úr sjóðnum, að skanna og yfirlesa í pdf-útgáfu bókarinnar Ættir Austfirðinga. Í stjórn er forstöðumaður Héraðsskjalasafns, Sigurjón Bjarnason og skólameistari.

Skúli lýsti vilja sínum til að virkja sjóðina og nýta þá í þágu skólans og ræddi hvort rétt væri að sameina þessa sjóði. Skúli leggur til að skólanefndin skoði hvernig haga skuli þessum sjóðum til framtíðar og málið verði tekið upp aftur á fyrsta fundi haustsins.

3. **Starfsmannamál – staða ráðninga.** Helgi Ómar fór yfir stöðu ráðninga:

- a) Búið er að ráða Árna Friðriksson í enskukennslu.
- b) Búið er að ráða Ingibjörgu Jóhönnu Jónsdóttur í starf náms- og starfsráðgjafa.
- c) Kristian Guttesen hefur verið ráðinn til kennslu í heimspeki en hann getur einnig kennt ritlist og tölvunarfræði.
- d) Ráðning í stærðfræðikennslu er ófrágengin. Rætt verður við Hjördísi Einarsdóttur.
- e) Ekki hefur verið gengið frá ráðningu í efna- og jarðfræðistöðu.
- f) Sótt verður um undanþágu fyrir Soffíu Ingvarsdóttur til að kenna efri stærðfræðiáfangana áfram. Hún hefur lengi kennt við skólann.
- g) Ólöf Björg Óladóttir verður ráðin í starf þroskaþjálfara.
- h) Rita Hvönn Traustadóttir hefur verið ráðin sem stuðningsfulltrúi.

- i) Árni Ólason mun leysa af áfangastjórnina næsta vetur.
- j) Viðar Hafsteinsson verður ráðinn íþróttakennari til afleysingar í stað Árna næsta vetur.
- k) Ekki hefur verið ráðið í starf vegna leyfis Láru Vilbergsdóttur.
- l) Ekki hefur verið ráðið í störf við ræstingar.

Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við þessar ráðningar og ráðstafanir skólameistara.

4. **Stofnun framhaldsdeildar á Vopnafirði.** Skólanefnd fékk afrit af mjög síðbúnu svari mennta- og menningarmálaráðuneytis til Vopnfirðinga með óljósri heimild en ekki er ljóst hvort fjármagn fæst á fjárlögum 2014. Einnig fengu fulltrúar minnisblað sem skólameistarar ME og VA rituðu, með svörum við spurningum frá Vopnfirðingum. Töluverð reynsla hefur verið af sambærilegum framhaldsdeildum við aðra skóla. M.a. er útibú á Þórshöfn frá Laugum, auk útibús á Patreksfirði og Hvammstanga og víðar. Að mati skólameistara er næsta skref að fá deildina inn á fjárlög fyrir 2014. Ragnildur spyr hversu mikið slíkt útibú myndi kosta. Ráðuneytið reiknar með kostnaði upp á um 10 milljónir á ári á Vopnafirði. Að auki má reikna með auknum kennslukostnaði. Ársnemendum skólans myndi fjölga en ekki er víst að fjármagn sem þannig fengist myndi duga fyrir þeim kostnaði sem upp á vantar.

Skúli leggur fram tillögu að bókun:

Skólanefnd ME furðar sig á seinlæti mennta- og menningarmálaráðuneytis við umleitan Vopnfirðinga varðandi stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði og óljósum svörum um fjármagn til slíkrar starfsemi. Skólanefndin styður framkomnar hugmyndir um að koma slíkri deild frá ME á fót á Vopnafirði að því tilskyldu að fjármagn fáiast í verkefnið á fjárlögum 2014. Skólameistara og formanni skólanefndar er falið að leita leiða með Vopnfirðingum og ráðuneyti til að koma á laggirnar útibúi frá ME árið 2014.

Bókunin er samþykkt samhljóða.

5. **Innritun.** Helgi tjáði nefndinni að um 300 umsóknir séu um skólavist. 79 nýnemar úr 10. bekk, 16 eldri nýnemar og 205 sem halda áfram námi frá nýloknu skólaári. Reiknað er með að nemendur fái svarbréf á morgun, 21. júní. Nokkrir nemendur lenda á biðlista vegna skulda við skólann og mötuneytið. Væntanlega verður einhverjum hafnað vegna slakrar ástundunar og námsárangurs. Reiknað er með að það verði um 5-6 nemendur. Einhverjir munu fá skólavist með skilyrðum. Fjöldi nemenda í skólanum er vel viðunandi og ársnemendur verða líklega nálægt áætlun. Rætt var um hve stór hluti nemenda af Austurlandi skrá sig í ME og um skiptingu á námsbrautir. Töluvert færri sækja um heimavistarpláss í skólanum næsta vetur. Að mati skólameistara virðast æ fleiri nemendur uppgötva kosti þess að nýta almenningsamgöngur.

6. **Gjaldskrár.** Helgi dreifði tillögu að gjaldskrá fyrir næsta skólaár. Eina breytingin er nýr flokkur, fjarnám í samstarfi „D7“. Um er að ræða starfsnámsbrautir í samstarfi 7 dreifbýlisskóla. Ljóst er að auglýsa þarf brautirnar aftur en fáar umsóknir hafa borist á sumar þessar brautir. Ákveðið var á fundi að samræma gjaldskrárnar milli skólanna. Aðrar breytingar eru ekki gerðar milli ára. Skólanefnd gerir engar athugasemdir við gjaldskrána. Gjaldskrá mötuneytis kemur ekki fram á þessu yfirliti. Reiknað er með að gjald fyrir fullt fæði á önn sé um 160 þúsund krónur.

Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við framlagða gjaldskrá.

7. **Skólasamningur ME 2013-2015.** Helgi lagði samninginn fram til kynningar en hann var undirritaður 15. apríl. Upplagg hans er breytt að því leyti að vísað er með tenglum í undirsíður á heimasíðu skólans. Meðal atriða í samningnum er athugun á brottfalli við skólann. Ljóst er að brottfall í dagskóla lækkaði mikið eftir að spanakerfið var tekið upp. Í vetur fór mennta- og menningarmálaráðuneytið fram á að skólinn héldi yfirlit yfir ástæður þess að nemendur hætta í skólanum. Yfirlitsblöð hafa verið send ráðuneytinu. Í samningnum er móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna, kafla um innra mat skólans, yfirlit yfir samskipti milli skólans og ráðuneytisins o.fl.

Í viðauka eru markmið sem skólinn setur sér. Farið var lauslega yfir markmiðin og tímasetningar þeirra. Skólanefnd mun skoða viðaukann fyrir haustið og gert er ráð fyrir að endurskoða þessi markmið á haustdögum.

8. **Niðurstöður innra mats á skólastarfi 2012-2013 – stutt kynning.** Jóney Jónsdóttir hefur starfað sem stjóri starfshóps um innra mat við skólann á vorönn. Hún kynnti niðurstöðurnar og sýndi yfirlit yfir starfið á heimasíðu skólans. Hópurinn vann að könnunum meðal nemenda, rýnihóps þeirra og áfangamat sem lagt var fyrir í öllum áföngum með 10 nemendum eða fleiri. Að auki var lögð fyrir foreldrakönnun og kennarakönnun. Áherslan var lögð á að kanna áhrif og skoðanir aðila á nýju námsfyrirkomulagi og áhrif þess á álag og líðan. Allar skýrslur vetrarins, auk lokaskýrslu hópsins, eru aðgengilegar á undirsíðu innra mats á heimasíðu skólans. Jóney tók saman nokkrar niðurstöður í hverjum hluta fyrir sig og kynnti fyrir nefndinni. Nemenda- og foreldrahlutinn kemur jákvætt út en kennarakönnunin kemur að flestu leyti mjög illa út. Skúli benti einnig á að í könnun SFR – stéttarfélags í almannabjónustu um „stofnun ársins“ frá því í vor varð skólinn í neðsta sæti.

Rætt var um mögulegar ástæður þessa og viðbrögð. Meðal atriða sem nefnd voru var skortur á stuðningi og að samskiptavandi væri til staðar. Það er talið nauðsynlegt að taka starfsmannaviðtöl til að leita frekari skýringa á ástandinu, en slíkt hefur ekki verið gert síðustu tvö ár. Einnig rætt um að niðurstöður kennarakönnunar megi að einhverju leyti skýra með niðurskurði á fjárheimildum til skólans. Bent var á að mannauðsstjóri/aðstoðarskólameistari myndi litlu breyta varðandi þá þætti sem skoruðu hæst í álaginu, þ.e. vinnuálag og verkefnayfirferð. Hins vegar var bent á að starfsmenn telji sig ekki hafa neinn til að leita til, sem þeir bera traust til og geta brugðist við vandamálum. Nokkuð var rætt um hvort ráða ætti aðstoðarskólameistara. Helgi útskýrði að starfshlutfall aðstoðarskólameistara hefði verið nýtt í ritstjórn námskrár síðustu vetur en nú sæi fyrir endann á því starfi og mögulega væri hægt að ráða aðstoðarskólameistara frá áramótum. Bent var á að um greinilegt krísuástand sé að ræða og hvort ekki sé rétt að fá utanaðkomandi aðstoð á vinnustaðinn til að bregðast við því.

Skúli nefndi að það yrði eflaust til bóta að ráða aðstoðarskólameistara um áramót en ljóst sé, samt sem áður, að bregðast þarf við ástandinu strax í haust. Hann lagði fram tillögu að bókun:

Í ljósi niðurstöðu innra mats á skólaárinu leggur skólanefnd ME áherslu á að unnið verði að því strax í haust að bæta starfsanda í skólanum með markvissum aðgerðum og efla kennara í sínu starfi, ekki síst í að takast á við nýtt kennslufyrirkomulag. Nefndin felur skólameistara og formanni skólanefndar að vinna aðgerðaáætlun fyrir slíkt í samráði við fulltrúa starfsfólks sem kynnt verði á skólanefndarfundi í september.

Bókun samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál:

- a) Skúli boðar að í haust verði fundir skólanefndar yfir árið festir í almanaki.. Þörf sé fyrir a.m.k. fimm fundi, í september, seinni part nóvember, í febrúar, apríl og júní.
- b) Skúli tilkynnir að í haust verði farið í að smíða verklagsreglur fyrir skólanefnd.
- c) Lára spurði hvort skólanefndin hafi hlutverki að sinna við að byggja upp ímynd skólans og kynna þær breytingar sem gerðar hafa verið í skólanum. Allir sammála um mikilvægi þess að vekja athygli á skólanum og því að hann sé í fararbroddi við innleiðingu nýs námsfyrirkomulags. Það sé vissulega eitt af því sem skólanefnd eigi að sinna.
- d) Jóney, þakkar skólanefnd, fyrir hönd kennara, fyrir þann stuðning sem nefndin lagði til í námsferð til Kanada. Ferðin þótti heppnast mjög vel og skólaheimsóknirnar hafi verið mjög lærdómsríkar.

Fundi slitið 19:30

Fundargerð ritaði Þorbjörn Rúnarsson